

Priðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 29/1952.

Kristinn Gíslason

gegn

Gústaf A. Ágústssyni.

Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. nóvember 1952, er barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 17. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að máli varnaraðilja gegn honum yrði vísað frá bæjarþinginu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að umræddu máli verði vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður kærði mál þetta til Hæstaréttar. Ber að víta hann fyrir hina bersýnilega tilefnislausu kæru.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kristinn Gíslason, greiði varnaraðilja, Gústaf A. Ágústssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Gústaf A. Ágústsson, Laugateigi 37 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undan-ginginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 30. september s.l., gegn Kristni Gíslasyni kennara, Hofteigi 52 hér í bæ, til

greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 342.12, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarsins.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfu þessa.

Stefnandi skýrir svo frá málsatvikum, að á árunum 1947 og 1948 hafi hann látið gera steingirðingu um lóð sína nr. 37 við Laugateig hér í bænum. Norðurhlið girðingar þessarar, sem sé 26 metra löng, skilji lóð þessa frá lóðunum nr. 50 og nr. 52 við Hofteig, en stefndi sé eigandi hinnar síðartöldu lóðar. Dómkvaddir menn hafi metið kostnaðarverð girðingar þessarar kr. 5930.00. Stefnda beri að greiða að hálfu $\frac{3}{26}$ hluta þessa kostnaðar eða kr. 342.12.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að mál þetta sé ranglega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem það samkvæmt efni sínu snúist um þau atriði, sem merkjadómur Reykjavíkur eigi að fjalla um.

Stefnandi hefur hins vegar talið, að hér sé aðeins um venjulegt skuldamál að ræða, sem reka beri fyrir bæjarþingi, en ekki merkjadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, snýst það eingöngu um heimtu stefnanda á fé úr hendi stefnda vegna kostnaðar af girðingu þeirri, sem hann hefur látið reisa á lóðamörkum þeirra. Ekki verður talið, að hér sé um slík málsefni að ræða, sem merkjadómi beri að fjalla um samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 35 frá 1914, sbr. ákvæði III. kafla laga nr. 41 frá 1919. Með vísan til þessa verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin fram komna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.